

## Fundargerð

Stjórnarfundur FEB nr. 431  
Þriðjudagur 1. október kl. 9:30

Mætt: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, og Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sverrir Hermann Pálmarsson ráðgjafi sem stjórnin hefur ráðið tímabundið til ýmissa verkefna s.s. uppgjör- og frágangsmál vegna Árskóga ofl.

### Dagskrá

1. Staða í Árskógum
2. Ferðamál
3. Afsláttarbók
4. Félagstíðindi
5. Sviðamessa
6. Sjóvarpsviðtal
7. Fjárhagsstaða félagsins
8. Önnur mál

### 1. Staða í Árskógum

SHP gerði grein fyrir stöðunni og lagði jafnframt fram ítarlega greinargerð um helstu mál. Framkvæmdum er að mestu lokið nema smá vinna við frágang við lóð og göngustíga. Þessu mun ljúka í næstu viku. Lokaúttekt er komin á bæði húsin og búið að afhenda flestar íbúðir. SHP hefur með heimild starfshóps gengið frá uppgjörssamkomulagi við MótX sem þýðir að ekki koma frekari aukareikningar vegna framkvæmdanna. Þá greiðir MótX okkur rúmar 10 m.kr. vegna hita og rafmagns sem FEB hafði lagt út fyrir. Nokkur önnur ófrágengin mál vegna Árskóga eins og greiðsla til eftirlitsmanns, uppgjör við fasteignasölu og sala óseldra íbúða. Af tveim íbúðum sem eftir voru til sölu hafa Félagsbústaðir keypt eina en hin íbúðin er of stór fyrir þá og því til sölu.

### 2. Ferðamál

Miklar umræður um ferðamál FEB. Félagið hefur verið öflugt í ferðamálum sem almenn ánægja hefur verið með meðal félagsmanna og verið ákveðið aðdráttarafl fyrir nýja félagsmenn. Jafnframt hefur félagið haft nokkrar tekjur af þessarri starfsemi. Félagið hefur fengið athugasemdir um að það hafi ekki ferðaskrifstofuleyfi. Það er eindreginn vilji stjórnar að félagið haldi áfram á þessarri braut og því samþykkt að fara í það ferli að sækja um öll tilskilin leyfi og afla nauðsynlegra trygginga og ábyrgða. Félagið uppfyllir að öðru leyti öll skilyrði til að fá ferðaskrifstofuleyfi. Samþykkt að SHP, Kári og ÓÖI skipi ferðanefnd.

### 3. Afsláttarbók

Samþykkt að skrifstofa FEB taki alfarið að sér að sjá um afsláttarbókina og uppfærslu hennar en verkefninu hafði verið útvistað og engar tekjur runnu til FEB vegna þessa.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ESS", "RPP", "HT", "B.", and "D.O.J."

#### 4. Félagstíðindi

Einróma samþykkt að FEB gefi út Félagstíðindi. Beðið eftir Deloitte áður en hafist verður handa.

Gerð verði ítarleg grein fyrir Árskógamálinu. Samþykkt að SHP, Jóhanna og Finnur Birgisson stýri útgáfunni að þessu sinni.

#### 5. Sviðamessa

Árleg sviðamessa verður 2. nóvember. Undirbúningur í fullum gangi.

#### 6. Sjónvarpsviðtal

FEB hefur boðist að koma í viðtal á Hringbraut sjónvarpsstöð vegna Árskóga. Samþykkt að bíða eftir skýrslu Deloitte. Sú úttekt er komin í formlegt ferli.

#### 8. Fjárhagsstaða félagsins

Gerð grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Verulega hefur gengið á sjóði félagsins vegna Árskógamálsins en útlit fyrir að það sé komið fyrir vind. Endurgreiðsla frá MótX vegna hita- og rafmagns var kærkomin búbot. Þá þarf að leiðrétta greiðslur vegna húsfélagsins í Árskógum. Félagið hefur að sjálfsgöðu aðeins átt að bera kostnað vegna eigin íbúða en ekki vegna allra íbúða.

#### 9. Önnur mál

Farið yfir og afgreidd prókúrumál félagsins. Samþykkt að starfshópur gangi frá uppgjörsmálum vegna fyrrverandi framkvæmdastjóra. Borist hefur formleg kvörtun bílstjóra vegna samningsbrota FEB við hann. SHP og Kári ræði þvíð manninn.

Fundi slitið kl. 12:05

ÓÖI

Finnur Birgisson

Finnur Birgisson

Robert P. Beutler

Ólafur Guðjónsson

Ólafur Guðjónsson

Ólafur Guðjónsson